

**Nr. 17 060 S 041 Lilja****Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 2918  
Útgerð: Special Tours ehf  
Smíðaður: Noregi 1991, ál.  
Stærð: 228,95 bt.  
Mesta lengd: 28,75 m Skráð lengd: 26,78 m  
Breidd: 8,0 m Dýpt: 3,18 m  
Vél: Man (2), 2058 kW, 2011.  
Fjöldi skipverja: 4  
Fjöldi farþega: 0



Lilja©Anna Kristjánsdóttir

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*


**Atvikalýsing:**

Þann 18. maí 2017 var hvalaskoðunarbáturinn Lilja við bryggju í Reykjavík. Veður: NNA 6,5 m/s.

Skipverji, sem var við vinnu um borð, féll niður um mannop og slasaðist á fæti. Hann var fluttur til læknis og í ljós kom að hann hafði m.a. ristarbrotnað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ferðir voru felldar niður þennan dag vegna veðurs og skipverjar voru við viðhaldsvinnu;
- að mannopið sem var stb. megin í farþegarými hafði verið opnað til að mæla stærð á kassa fyrir botnstykki;
- að eftir að hafa opnað mannopið fór skipverjinn upp í brú til að ná sér í ritföng til að skrifa niður mælingarnar en þegar hann kom til baka gáði hann ekki að sér og steig niður í mannopið;
- að þennan dag var slasaði lögskráður á annan bát frá sömu útgerð.



Mannopið sem skipverjinn féll niður um

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á að þegar lúgur og hlerar eru opnaðir vegna vinnu eigi ávallt að girða af svæði til að tryggja öryggi allra þeirra er gætu átt leið um það. Ef slíkt hefði verið gert í þetta sinn hefði að líkindum mátt afstýra slysinu.